

30.3.2009

Fjármálaráðuneytið.

Alþingi  
Erindi nr. p 136/1501  
komudagur 30.3.2009

### Tillögur að breytingum

á frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt,  
með síðari breytingum, sbr. þingskjal 695 – 410. mál.

#### 1. brtt.

Í stað 2. tölul. 1. gr. frumvarpsins koma tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:

Við lögum bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. másl. 4. mgr. B-liðar 68. gr. laganna skal viðmiðunarhlutfall þeirrar fjárhæðar sem draga skal frá vaxtagjöldum vera 7,5% við ákvörðun vaxtabóta á árinu 2009 vegna tekna og eigna á árinu 2008.
2. Þrátt fyrir ákvæði 10. og 12. másl. 4. mgr. B-liðar 68. gr. laganna skulu viðmiðunarfrjárhæðir, sem þar eru tilgreindar, vera 294.433, 378.663, 486.908 og 1.073 við ákvörðun vaxtabóta á árinu 2009 vegna tekna og eigna á árinu 2008.

#### Athugasemdir við breytingartillöguna.

Í tillögunum er gert ráð fyrir tvennskonar breytingum á fyrra frumvarpi. Annars vegar er lagt til að viðmiðunarhlutfall þeirrar fjárhæðar sem draga skal frá vaxtagjöldum af samanlögðum tekjuskattsstofni hækki úr 6% í 7,5%. Hins vegar er lögð til frekari hækkun á hámarksvaxtabótum, eða um 55% í stað 25% eins og ráð var fyrir gert í fyrirbyggjandi frumvarpi. Samanlagt munu þessar breytingar ekki hafa í för með sér viðbótarútgjöld í formi vaxtabóta fyrir ríkissjóð, heldur er þeim ætlað að gera breytingarnar markvissari, þannig að viðbótarvaxtabætur skili sér fyrst og fremst til tekjulægri fjölskyldna.